

Grunnskóli Reyðarfjarðar



Móttaka nemenda í 1. bekk

Brúum bilið.

Brúum bilið er samstarfsverkefni leikskóla og grunnskóla í Fjarðabyggð.

Það felst í nemendaskiptum bæði á haust – og vorönn.

Skil fara á milli leikskóla og grunnskóla að hausti á starfsdögum grunnskólans áður en tilvonandi fyrsti bekkur hefur skólagöngu sína.

Að hausti:


Eru fimm ára börnum (Öðlingum) boðið í Grunnskólann til að verja deginum með sex ára börnum í fyrsta bekk. Helmingur Öðlinga kemur í grunnskólann og helmingur fyrsta bekkjar fer á leikskólann. Viku síðar kemur seinni helmingur hópsins.

Að vori:

Skömmu eftir áramót koma tveir Öðlingar í einu í skólaheimsókn vikulega þar til allur hópurinn hefur komið í heimsókn.

Í maí kemur verðandi fyrsti bekkur í skólann og ver einum degi með verðandi umsjónarkennara ef hægt er.

Að hausti eru tilvonandi fyrstu bekkingar boðaðir í viðtal ásamt foreldrum sínum með bréfi sem umsjónarkennari sendir út.

Hugrökku  er ekkert ómögulegt

